

að erfitt er að ákveða, hvaða bótaupphæð sé sanngjörn. Með tilliti til þess, að bótakrefjandi nefbrotnaði, hlaut glóðaraugu á bæði augu og fleiri áverka, sem víst er, að hafi einnig valdið honum sársauka og óþægindum, þykir sanngjarnt, að ákærði greiði honum kr. 600.00 vegna þjáninga og óþæginda. Samkvæmt þessu er því ákærði dæmdur til að greiða Guðlaugi Helga Vigfússyni kr. 1025.00 í skaðabætur.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 200.00.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Árni Sigurður Ágústsson, sæti varðhaldi í 20 daga. Hann greiði Guðlaugi Helga Vigfússyni kr. 1025.00 innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu þessa dóms.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 200.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Priðjudaginn 16. desember 1947.

Nr. 75/1943. Kristinn Stefánsson f. h. eiganda og útgerðarmanns e/s Bjarka á Siglufirði

(Hrl. Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Páli Þorbjörnssyni

(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson).

Stýrimanni dæmdar bætur vegna ráðningarslita.

Dómur hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómendurnir Lúðvík N. Lúðvíksson og Sæmundur Jónsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 9. sept. 1943 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. s. m., krefst þess, að hann verði sýkn dæmdur og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Kristinn Stefánsson skipstjóri hefur eftir uppkvaðningu héraðsdóms gefið skriflega greinargerð. Kveðst skipstjóri hafa hitt stefnda að máli, er skipstjóri kom í júní 1942 frá Englandi á e/s Bjarka, og hafi þá orðið það umtal milli þeirra, „að stýrimaður fái fri og að hann Páll, fari sem stýrimaður næstu ferð, ef plássið verði laust“. Síðar afhenti Ingólfur Guðmundsson stýrimaður stefnda lykla og umráð skipsins. Samkvæmt þessari skýrslu skipstjórans og vitnisburði Ingólfs stýrimanns, sem rakinn er í héraðsdómi, verður að telja sannað, að stefndi hafi verið ráðinn til stýrimennsku á e/s Bjarka í för þess til Englands á þeim tíma, er í málinu greinir, og verður því að taka til greina bótakröfu stefnda vegna ráðningarslitanna, sem ekki hefur verið véfengd að fjárhæð til. Ber þannig að staðfesta héraðsdóminn.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, og ákveðst hann kr. 800.00.

Það er aðfinnsluvert, að héraðsdómari hefur ekki dæmt sérstaklega frávisunarkröfu stefnda í héraði með þeim hætti, sem segir í 108. gr. laga nr. 85/1936.

Umboðsmaður áfrýjanda hér fyrir dómi hefur afsakað drátt þann, sem hefur orðið á málinu, með því, að sáttatilaraunir hafi staðið yfir allan tímann, en ekki þykir þetta réttlæta hinn mikla drátt, og verður að víta hann.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kristinn Stefánsson f. h. eiganda og útgerðarmanns e/s Bjarka, Siglufirði, greiði stefnda, Páli Þorbjörnssyni, kr. 800.00 málskostnað í hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 11. marz 1943.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Páli Þorbjörnssyni skipstjóra, Vestmannaeyjum, með stefnu, út-

gefinni 6. júlí 1942, birtri 7. s. m., á hendur Kristni Stefánssyni skipstjóra f. h. eiganda og útgerðarmanns e/s Bjarka frá Siglufirði til greiðslu á stýrimannskaupi fyrir tímabilið frá 26. júní 1942 til 30. júlí s. á., að upphæð kr. 4000.00, auk uppihalds, kr. 250.00, ásamt 6% ársvöxtum af þessum upphæðum frá stefnudegi 7. júlí s. l. til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Svo hefur stefnandi og krafist þess, að viðurkenndur verði með dómi réttarins sjóveðréttur í e/s Bjarka fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Undir rekstri málsins hefur stefnandi lækkað kröfu sína niður í kr. 3467.33 auk vaxta, málskostnaðar og sjóveðréttar, eins og að ofan greinir.

Málavexti kveður stefnandi þá, að í síðari hluta júnímánaðar s. l. hafi skipstjórinn á e/s Bjarka, Kristinn Stefánsson, komið að máli við stefnanda og beðið hann að vera stýrimann á skipinu í næstu ferð þess til Englands, en skipið var þá í ísfiskflutningum frá Vestmannaeyjum. Stefnandi tók þessu vel og varð það síðan úr, að hann réðst á skipið í næstu Englandsferð þess og upp á venjuleg kjör. Eftir þetta fór skipstjórinn til Reykjavíkur snöggva ferð, en þann 26. s. m. tók stefnandi við umsjón skipsins af fráfarandi stýrimanni Ingólfi Guðmundssyni, sem þá fór í sumarleyfi. Stefnandi hafði svo umsjón með skipinu í þrjá daga eða til 29. s. m., en þá hringdi skipstjórinn hann upp frá Reykjavík og tilkynnti honum, að ekkert gæti orðið úr ráðningunni, vegna þess að útgerðarmaður skipsins, Steindór Hjaltalín á Siglufirði, vildi ekki samþykkja ráðninguna og hefði ráðið annan stýrimann á skipið. Fór stefnandi þá af skipinu og afhenti samkvæmt tilmælum skipstjórans einum skipsmanna lykla skipsins. Telur stefnandi, að þar sem hann hafi verið ráðinn á skipið, en ráðningunni slitið að ástæðulausu, þá eigi hann rétt til bóta sem svari til stýrimannskaups í umræddri Englandsferð e/s Bjarka, og nemi það stefnukröfu málsins.

Stefndi hefur látið mæta í málinu, og gerir hann þær réttarkröfur, aðallega að málinu verði vísað frá sjó- og verzlunardóminum vegna þess, að málið sé hvorki höfðað á varnarþingi eiganda skipsins, varnarþingi skipsins né varnarþingi skipstjóra, en til vara, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og til þrautavara, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða stefnanda litla þóknun fyrir að annast um geymslu lykla að hirzlum í skipinu þá fáu daga, sem stefnandi hafði þá með höndum. Svo krefst stefndi og málskostnaðar að skaðlausu, hvernig sem málið fer, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Að því er snertir frávisunarkröfu stefnda, lítur rétturinn svo á, að ekki sé unnt að taka hana til greina, með því að fallast verður á, að heimilt hafi verið að höfða mál þetta hér samkvæmt 80. grein einkamálalaganna, eins og stefnandi heldur fram.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að stefnandi hafi aldrei

verið ráðinn á skipið. Skipstjórinn á e/s Bjarka viðurkennir hins vegar að hafa átt tal við stefnanda á þeim tíma, sem stefnandi tilgreinir, og spurt hann að, hvort hann mundi vilja ráðast á skipið, ef til þess kæmi, að sig vantaði stýrimann í næstu Englandsferð með ísfisk, og hafi stefnandi tekið þessu líklega. En þetta hafi aðeins verið lauslegt samtal, og engar endanlegar ákvarðanir verið teknar um ráðningu stefnanda. Kveðst skipstjórinn þá hafa verið á förum til Reykjavíkur, skipið nýkomið úr Englandsferð og langt þangað til röðin kæmi að skipinu til ísfisktökunnar. Hafi því verið ákveðið, að er skipstjóri væri kominn til Reykjavíkur og hefði átt tal við stefnda útgerðarmann skipsins, léti hann stefnanda vita, hvort af ráðningunni gæti orðið. Kveðst skipstjórinn svo, nokkru eftir að hann kom til Reykjavíkur, hafa hringt stefnanda upp og sagt honum, að útgerðarmaður skipsins hefði ráðið annan stýrimann og gæti því ekkert orðið úr ráðningu stefnanda. Heldur skipstjórinn því fram, að stefnandi hafi látið sér þetta vel líka og sagt, að þetta gerði ekkert til sin vegna. Því til styrktar, að ekki hafi verið um endanlega ráðningu að ræða, hefur stefndi bent á það, að stefnandi hafi hvorki verið lögskráður á skipið né tryggður sem starfsmaður þess.

Stefnandi heldur því hins vegar fram, að þessi frásögn stefnda sé röng, og hefur haldið fast við lýsingu sína á málavöxtum, sem að ofan greinir.

Í málinu hefur Ingólfur Guðmundsson verið leiddur sem vitni, en hann var stýrimaður á e/s Bjarka, er umrædd ráðning átti að hafa farið fram, eins og áður er getið. Hann skýrir svo frá, að skipstjórinn hafi sagt sér, að stefnandi væri ráðinn stýrimaður á skipið í næstu Englandsferð þess eða meðan vitnið væri í sumarleyfi. Sagði skipstjórinn vitninu að afhenda stefnanda lykla og umráð skipsins, er vitnið færi af stað í sumarleyfið. Skipstjórinn fór svo til Reykjavíkur, en fáum dögum síðar kveðst vitnið sjálft hafa farið burtu, en áður hafi það afhent stefnanda umráð skipsins, og hafi þá stefnandi verið eini yfirmaður skipsins á þilfari.

Tveir hásetar, er voru á e/s Bjarka á umræddum tíma, hafa einnig borið vitni í málinu. Segja þeir, að er Ingólfur Guðmundsson fór af skipinu í sumarleyfið, hafi stefnandi tekið við stýrimannsstörfum hans og verið yfirmaður skipsins í nokkra daga. Héldu þeir því báðir fram, að þeim hefði verið kunnugt, að stefnandi væri ráðinn stýrimaður á skipið, meðan Ingólfur Guðmundsson væri í sumarleyfi, en ekki höfðu þeir þessa vitneskju frá skipstjóra sjálfum, heldur heyrðu þeir aðra skipverja á skipinu og stefnanda sjálfan segja frá ráðningunni. Annað vitnið kvaðst einnig vita, að Ingólfur Guðmundsson hefði afhent stefnanda umráð skipsins og fengið honum lykla að því.

Með framburðum þessara vitna má telja upplýst, að frásögn stefnanda um, að hann hafi í þrjá daga gegnt stýrimannsstörfum á skip-

inu, sé rétt, enda er þessu ekki sérstaklega mótmælt af hálfu stefnda. Með tilliti til þess og framburðar Ingólfs Guðmundssonar verður að telja, að nægilegar líkur séu að því leiddar, að skipstjórinn á e/s Bjarka hafi ráðið stefnanda sem stýrimann á skipið í umrædda Englandsferð þess. Verður því að fallast á, að stefnandi eigi heimtingu á bótum vegna ráðningarslitanna, sem svari til stýrimannskaups í ferð þessari. Og með því að stefndi hefur ekki sérstaklega véfengt kröfuupphæðina, þykir bera að taka hana til greina og dæma stefnda til að greiða stefnandanum kr. 3467.33 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi 6. júlí 1942 til greiðsludags, eins og krafizt er.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði stefnandanum kr. 500.00 í málskostnað.

Svo þykir og bera að viðurkenna sjóveðrétt í e/s Bjarka fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Kristinn Sefánsson f. h. eiganda og útgerðarmanns e/s Bjarka frá Siglufirði, greiði stefnandanum, Páli Þorbjörnsyni, kr. 3467.33 ásamt 6% ársvöxtum frá 6. júlí 1942 til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað.

Stefnandi hefur sjóveðrétt í e/s Bjarka frá Siglufirði fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 18. desember 1947.

Nr. 25/1947. **Vélbátatrygging Eyjafjarðar og Leó Sigurðsson** (Hrl. Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Helga Benediktssyni (Hrl. Sigurður Ólason).

Synjað bóta vegna árekstrar skipa, sbr. 226. gr. laga nr. 56/1914.

Dómur hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómendurnir Sigfús Scheving og Lúðvik N. Lúðviksson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Máli þessu var vísað frá hæstarétti með dómi 20. nóv. 1946. Áfrýjendur hafa nú skotið því til hæstaréttar á ný með stefnu 6. marz 1947, að fengnu nýju áfrýjunarleyfi 17.